

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2020

Efni: Frumvarp til breytinga á áfengislögum, sala á framleiðslustað

Samband ungra sjálfstæðismanna styður heilshugar frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á áfengislögum og hvetur þingmenn til þess að samþykkja það.

Löngu er orðið ljóst að það fyrirkomulag sem hefur verið við lýði hér á landi felur í sér mismunun gagnvart innlendum fyrirtækjum þegar kemur að netverslun með áfengi. Það er með öllu óskiljanlegt að það sé leyfilegt að selja íslenskum neytendum áfengi í gegnum erlendar netverslanir, en á sama tíma sé íslenskum netverslunum bannað að selja sömu vörur. Frumvarpið stuðlar því að jafnræði milli innlendra og erlendra aðila, sem er löngu tímabært.

Þessar breytingar koma einnig til með að vera lyftistöng fyrir íslensk fyrirtæki sem og neytendur. Á tímum þar sem veitingastaðir og brugghús mega aðeins taka á móti takmörkuðum fjölda viðskiptavina, yrði þetta kærkomin viðbót við heimsendingarmöguleika þeirra. Það skiptir sköpum þegar rekstrargrundvöllur margra veitingastaða og brugghúsa á undir högg að sækja.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Sambands ungra sjálfstæðismanna,
Halla Sigrún Mathiesen, formaður